
Hreinsun kísilmálms til framleiðslu á 16.000 tonnum af sólarkísli, Grundartanga í Hvalfjarðarsveit

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að hreinsun kísilmálms til framleiðslu á sólarkísli á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif starfseminnar á loftgæði og gæði yfirborðsvatns verði óveruleg. Því veldur fyrst og fremst að unnið er að því að fullhreinsa hráefni sem er mjög hreint þegar það er tekið til vinnslu og framleiðslan felur ekki í sér útblástur eða útskolun mengunarefna, heldur er unnið með lokaðan framleiðsluferil þar sem öll framleiðslan og hliðarafurðir nýtast sem söluvara. Starfsemin felur hvorki í sér útblástur af flúor né brennisteinsdíoxíði og hefur því engin áhrif á stærð þynningarsvæðis fyrir iðjuverin á Grundartanga eða aukið mengunarálag innan þess. Sú mengun sem berst frá starfseminni til andrúmslofts er ryk en miðað við framlagðar upplýsingar um magn og samsetningu þess telur Skipulagsstofnun að áhrif af völdum þess verði óveruleg.

Skipulagsstofnun telur í ljósi þess að byggingar verði talsvert umfangsmiklar eða 93.000 m² þá verði ekki hjá því komist að þær verði áberandi og muni hafa nokkur sjónræn áhrif í för með sér. Fyrir eru á svæðinu álver og járnblendiverksmiðja sem einnig eru umfangsmiklar og munu fyrirhuguð mannvirki Silicor Materials auka sjónræn áhrif bygginga á svæðinu.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu VSÓ ráðgjafar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð VSÓ ráðgjafar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að hreinsun kísilmálms til framleiðslu á sólarkísli á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 3. júní 2014.

INNGANGUR

Þann 24. mars 2014 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá VSÓ Ráðgjöf ehf. f.h. Silicor Materials um fyrirhugaða hreinsun kísilmálms til framleiðslu á sólarkísli á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit, til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 4 d í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hvalfjarðarsveitar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Mannvirkjastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlitsins.

Umsagnir bárust frá Hvalfjarðarsveit með bréfi dags. 11. apríl 2014, Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 4. apríl 2014, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með tölvupósti dags. 9. apríl 2014, Mannvirkjastofnun með bréfi dags. 8. apríl 2014, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 15. apríl 2014, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 4. apríl 2014 og Vinnueftirlitinu með bréfi dags. 8. apríl 2014. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 10., 11., 16. og 25. apríl 2014.

FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að áformað sé að byggja verksmiðju til að hreinsa kísilmálm á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Framleiðsluvaran séu sólarkísil kubbar sem verði seldir til erlendra aðila í frekari vinnslu. Sólarkísill sé notaður í framleiðslu á sólarsellum. Um sé að ræða nýtt framleiðsluferli sem Silicor Materials hafi fengið einkaleyfi fyrir og byggi á hreinsun á kísli með því að bræða hann í fljótandi áli. Þegar bráðin er kæld falli út kísill sem sé af þeim hreinleika að hann nýtist til framleiðslu á sólarsellum.

Fram kemur að framleiðsluferill Silicor Materials noti mun minni orku en hefðbundnir framleiðsluferlar sem notaðir séu við framleiðslu á sólarkísli í dag. Orkuþörfin sé um 20 - 30 kWst/kg samanborið við 75 - 125 kWst/kg sem þurfi fyrir algengusta framleiðsluaðferðina sem beitt sé nú til dags. Heildaraflþörf verksmiðjunnar verði að meðaltali um 61 MW. Umhverfislegur ávinningur af þessari framleiðslu sé margþættur. Í fyrsta lagi sé hægt að framleiða sólarsellur með hagkvæmari hætti en áður hafi verið hægt, sem auki líkurnar á því að sólarkísill geti keppt við hefðbundna orkugjafa. Í öðru lagi sé hægt að nýta hliðarafurð framleiðsluferlisins í álhluti bifreiða, sem léttir þær og dregur þær með úr orkunotkun og losun gróðurhúslofttegunda. Önnur hliðarafurð sé notuð í vatnshreinsistöðvar.

Framleiðsluferli. Í greinargerðinni kemur fram að framleiðslan felist í því að hreinsa 99,5 % hreinan kísil með því að minnka magn bórs, fosfórs og ýmissa málma í kíslinum. Þannig fáist 99,9999% hreinn kísill sem nota megir í sólarsellum. Bráðið ál sé notað sem eins konar hreinsilögur á kísilinn, til að fjarlægja óhreinindin sem bindist frekar áli en kísli. Þessi blanda áls og kísils lækki bræðslumark málmblandisins sem þýði að minni orku þurfi til bræðslunnar.

Úrgangur frá starfsemi. Fram kemur að lítill úrgangur falli til í vinnsluferlinu, en sé nánast í öllum tilfellum söluvara. Eiginlegur úrgangur sé sýra (um 100 l á ári af saltsýru) sem falli til á rannsóknarstofu þar sem efnið er prófað. Fastur úrgangur sem falli til við viðhald á ofnum og deiglum séu múrsteinar sem notaðir séu í fóðrun. Þessir múrsteinar séu eldfastir steinar sem samanstandi af áloxíðum, kísiloxíðum, basískum oxíðum og jarðalkalímálmum (s.s. járn og títan). Steinlím sé notað til þess að festa múrsteinana saman. Þessi fóðrunarúrgangur sé

söluvara og flokkast ekki sem hættulegur úrgangur. Sérstök vinnslustöð verður í verksmiðjunni þar sem hreinsað er úr deiglum og allt afsog þaðan leitt í gegnum pokasíur.

Áhrif á loftgæði. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að verksmiðjan Silicor verði staðsett innan þynningarsvæðis á Grundartanga, sem annars vegar sé skilgreint fyrir losun brennisteinsdíoxíðs og hins vegar fyrir flúoríð. Hvorki brennisteinsdíoxíð né flúoríð verði í útblæstri frá verksmiðju Silicor. Í starfsleyfi fyrir álver Norðuráls á Grundartanga sé gert ráð fyrir að losun ryks fari ekki yfir 1 kg/t framleidds áls. Ársframleiðsla álversins sé um 300.000 tonn og því megi gera ráð fyrir að losun ryks sé að hámarki 300 t/ári. Í starfsleyfi Elkem sé gert ráð fyrir að losun ryks fari ekki yfir 3,5 kg/t framleidds kísils og kísilryks. Elkem framleiði um 190.000 t/ári og því megi gera ráð fyrir að losun ryks sé að hámarki 665 t/ári. Losun frá verksmiðju Silicor verði einkum ryk og sé gert ráð fyrir að verksmiðjan losi um 63 tonn á ári af ryki. Í rykinu frá framleiðslunni séu engin efni sem viðmiðunarmörk gilda um. Uppistaðan sé kísill og önnur efni í óverulegum mæli. Engin brennisteins- eða flúormengun fylgi framleiðslunni og útstreymi koltvísýrings sé undir 1000 tonnum á ári. . Álag vegna málma og snefilefna sem fylgja hráefni og framleiðsluvöru sé hverfandi. Útstreymi frá verksmiðjunni hafi engin áhrif á skilgreint þynningarsvæði.

Áhrif á vatn. Í greinargerð kemur fram kemur að mikið kælivatn þurfi við framleiðslu á sólarkísli. Áætluð kælipörf sé um 500 m³/klst. eða 139 l/s. Kælivatnið sé í lokuðu hringrásarkerfi og endurnýtt, þó sé þörf á neyðarbirgðum ef upp komi rafmagnsleysi. Áætluð þörf á hreinu vatni sé 44 m³/klst. eða 12 – 13 l/s. Vatnið verði tekið úr vatnsveitu Grundartanga.

Fram kemur að í tengslum við sýrupvott verði frárennsli gert hlutlaust. Við það verði notað natríum hýdroxíð (NaOH). Styrkur saltsýru í afloftun verði undir 10mg/Nm³ og uppfylli kröfur um loftgæði. Reiknað sé með að til að hlutleysa sýruna þurfi um 10,5 kg/klst. af NaOH (aq) lausn og vatnsnotkunin verði um 1.515 kg/klst. Í frárennsli verði um 15 kg/klst. af salti (NaCl). Fullsaltur sjór innihaldi um 35 gr af salti í hverju kg af sjó. Saltið sem komi frá þvottamannvirkjunum muni innihalda u.þ.b. 10 gr salti í hverju kg af vatni. Frárennslið verði leitt í sjó og þar sem rennslið verði mjög lítið, eða um 0,4 l/sek sé ekki gert ráð fyrir neinum áhrifum á sjó, hvorki vegna efna né hita frárennslis. Ef af einhverjum ástæðum hiti í frárennsli hefði ófyrirséð áhrif á hitastig viðtaka yrði frárennslið kælt áður en því yrði veitt í sjó.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að unnið sé að breytingum á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020. Samhliða er unnið að breytingum á gildandi deiliskipulagi.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Hafrannsóknarstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Ásýnd mannvirkja. Hvalfjarðarsveit telur að huga þurfi að hönnun mannvirkja m.a. sjónrænum áhrifum og ljósmengun.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hönnun verksmiðjunnar liggja ekki fyrir. Hins vegar hafi Silicor Materials lýst yfir vilja til að haga litavali þannig að verksmiðjan falli vel að umhverfi á landi. Eins og fram komi í tilkynningunni sé áætluð hæð verksmiðjuhúss 8-25 m og flatarmál 93.000 m². Engin ástæða er til að telja að ljósmengun verði meiri frá þessari

verksmiðju en þeim sem fyrir eru á Grundartanga og megi búast við að sett verði ákvæði um ljósmengun í starfsleyfi.

Áhrif á landnotkun. Umhverfisstofnun telur að nálægð verksmiðjunnar við svæði á náttúruminjaskrá komi til með að hafa nokkuð neikvæð áhrif á landslag og lífríki svæðisins, sér í lagi á fuglalíf. Að öðru leyti muni fyrirhuguð verksmiðja ekki rýra náttúruverndargildi umrædds svæðis sem náí frá Miðsandi út að Katanesi.

Áhrif á vatn. Hvalfjarðarsveit telur að gera þurfi betri grein fyrir vatnsöflun og vatnsnotkun. Einnig þurfi að gera grein fyrir möguleikum á notkun sjós til kælingar. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur að betri upplýsingar vanti um hvernig fyrirtækið eða samstarfsaðilar ætla að mæta þeirri þörf að afla vatns fyrir fyrirtækið þannig að tryggt verði að ekki komi til vatnsskorts á svæðinu eins og gerðist í liðnum marsmánuði.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar hafi skuldbundið sig til að útvega verksmiðjunni það vatn sem þurfi til framleiðslunnar. Fyrirhugað sé að stækka vatnsveituna með nýrri dælu og samkvæmt félaginu sé nóg vatn á staðnum.

Flutningar og umferð. Hvalfjarðarsveit telur að gera þurfi betri grein fyrir flutningum á landi og sjó.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að 20 – 25 bílar/gámar verði fluttir á dag milli verksmiðju og hafnar. Þar sem um sé að ræða hafnarsvæði sé ástæðulaust að gera ráð fyrir að þessi aukning hafi veruleg áhrif. Ekki verði gengið frá samningum við skipafélög fyrr en ljóst sé hvort af byggingu verksmiðjunnar verði og því ekki ljóst hvernig skipafélög kjósa að leysa úr þessum flutningum. Einhver aukning gæti orðið á skipaflutningum með tilkomu verksmiðjunnar, en líklegt sé að skipafélög geti nýtt betur þau skip sem þegar þjóni svæðinu og aukning á skipaflutningum verði óveruleg.

Möguleg sammögnunaráhrif. Hvalfjarðarsveit telur nauðsynlegt að metin séu möguleg sammögnunaráhrif vegna verksmiðjunnar þar sem nú þegar sé umfangsmikil starfsemi á svæðinu. Hugsanleg sammögnunaráhrif geti náð til mögulegrar mengunar en einnig til þátta eins og samgangna og flutninga.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ef gert sé ráð fyrir 350 starfsmönnum sem ferðist tveir í bíl daglega sé aukning á umferð fólksbíla um Hvalfjarðargöng um 3% á dag, ef hver starfsmaður verði einn í bíl aukist umferð fólksbíla um 7% á dag. Ekki verði séð að þessi viðbót valdi neikvæðum sammögnunaráhrifum á umferð. Eins og lýst er í svari við umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands verði hávaði frá verksmiðjunni óverulegur og ekki ástæða til að ætla að sammögnunaráhrifa muni gæta þar. Varðandi ljósmengun sé vísað til svars við umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Vegna sammögnunar á efnamengun er bent á að samsetning ryks sé fyrst og fremst kísill 63 t/ári, ál 95 kg/ári og járn 95 kg/ári. Bóron sé 0,4 kg/ári og fosfór 1,4 kg/ári. Önnur efni telji í grömmum/ári eða vel innan við það. Þynningarsvæðið á Grundartanga sé skilgreint vegna losunar flúors og brennisteinsdíoxíðs en engin losun á þeim efnum verði frá verksmiðjunni.

Geymsla afurða. Í umsögn Hvalfjarðarsveitar kemur fram að þrátt fyrir 16.000 framleiðslu af sólarkísli megi búast við enn umfangsmeiri afsetningu efna sem falli til í framleiðslunni. Mikilvægt sé að gerð sé grein fyrir þessari afsetningu og geymslumáta efnanna meðan þau bíða flutnings.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að magn hráefna sem geymd verði hverju sinni á verksmiðjussvæðinu verði samtals 6.920 tonn. Magn afurða sem geymd verði hverju sinni sé 9.170 tonn. Samtals séu þetta 16.090 tonn sem geymd verði á svæðinu hverju sinni. Efni verði geymd samkvæmt skilyrðum í starfsleyfi eða þannig að ekki skapist mengunarhætta af. Líklegt sé að hráefni og afurðir verði geymd í skemmum sem skýli fyrir veðri. Gengið verði frá fráveitu í samræmi við kröfur í starfsleyfi til að koma í veg fyrir mengun í jarðveg og vatn.

Vinnueftirlitið benti á að þrátt fyrir notkun og geymslu hættulegra efna félli starfsemin ekki undir reglugerð um stórslysavarnir en hins vegar væri skylt að sækja um starfsleyfi hjá Vinnueftirlitinu.

Áhrif á hljóðvist. Í umsögnum Hvalfjarðarsveitar og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er varað við hugsanlegum hávaða frá starfseminni og bent á nauðsyn þess að tryggt verði að hávaði frá fyrirhugaðri starfsemi valdi ekki ónæði á íbúðarsvæði sem sé í um 3 km fjarlægð.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að reiknað sé með að hávaði frá sög og mölunarbúnaði verði allt að 85 dB(A) í eins metra fjarlægð innandyra. Búið verði svo um að hávaði utan við húsvegg verði ekki yfir 70 dB(A) eins og krafist sé í reglugerð um hávaða. Hávaði verði kominn niður fyrir 50 dB(A) í um háls km fjarlægð og því sé engin hætta á að íbúðabyggð í 3 km fjarlægð verði fyrir óþægindum.

Meðferð hættulegra efna. Í umsögn Mannvirkjastofnunar kemur fram að talsvert magn hættulegra efna verði notað á svæðinu. Það kalli á umtalsverð viðbrögð slökkviliðsins á staðnum sem og brunahönnun og áhættumat.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að haft verði samráð við slökkvilið Hvalfjarðarsveitar um viðbrögð við eldsvoða og efnaleka. Eldvarnir og viðbrögð við efnaleka vegna sólarkísilverksmiðju yrðu hluti af slökkvimálum iðnaðarsvæðisins á Grundartanga sem séu í heildarendurskoðun sveitarfélagsins. Þáttur Silicor verði í samræmi við þátttöku annarra iðnfyrirtækja á svæðinu og verði ekki séð að slökkvilið þurfi að viðhafa annan búnað umfram þann sem notaður sé vegna núverandi iðnfyrirtækja á Grundartanga.

Áhrif á menningarminjar. Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að taka þurfi tillit til eftirtalinna fornleifa vegna byggingar sólarkísilverksmiðju á Grundartanga.

Verði byggingarreitur A fyrir valinu. Í umsögninni kemur fram að rannsaka þurfi minjarnar útihúsin (BO-013:003) og (BO-013:006) með fornleifauppgreftri. Grafa þurfi könnunarskurð í útihús (BO-013:034) til að ganga úr skugga um hvort þústin geymi leifar mannvirkis eða mannvistarlaga. Niðurstöður slíkrar rannsóknar kunni að leiða til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir á staðnum. Merkja þurfi minjarnar útihús (BO-013:004), útihús (BO-013:005), túngarð (BO-013:008), Beggakofa (BO-013:021) og tóft (BO-013:024) á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum standi til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Skráning mógrafa (BO-013:022), sem þegar hafi verið gerð, sé fullnægjandi mótvægisáðgerð. Traðir (BO-013:012), Gamligarður (BO-013:016) og Langavör (BO-013:026) séu sunnan byggingarreitsins og ætti þeim ekki að stafa hætta af framkvæmdum á reitnum.

Verði byggingarreitur B fyrir valinu. Í umsögninni kemur fram að tóftir tveggja útihúsa (BO-013:003 og 006) þurfi að rannsaka með fornleifauppgreftri. Grafa þurfi könnunarskurði í tvö útihús (BO-013:004 og 005) á þeim svæðum sem heimildir telja að þau hafi staðið til að ganga úr skugga um hvort þar leynist leifar mannvirkja eða mannvistarlaga. Niðurstöður slíkrar rannsóknar kunni að leiða til þess að ráðast þurfi í frekar rannsóknir á stöðunum. Þúst (BO-013:034) þurfi að fjarlægja. Grafa þurfi könnunarskurð í þústina til að ganga úr skugga

um hvort hún geymi leifar mannvirkis eða mannvistarlaga. Niðurstöður slíkrar rannsóknar kunnir að leiða til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir á staðnum. Jafnframt þurfi að merkja eftirtaldar fornleifar á meðan á framkvæmdum standi til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá: (BO-013:008, 012, 016, 021, 022 og 024).

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir ábendingar Minjastofnunar Íslands. Ekki verði hreyft við fornleifum sunnan og vestan við byggingarreit verksmiðjunnar eins og hann sé sýndur á uppdráttum í skýrslunni, jafnvel þó fornleifarnar séu innan iðnaðarsvæðis. Í deiliskipulagsvinnu verði gerð grein fyrir mannvirkjum og framkvæmdum á svæðinu. Fornminjum verði ekki raskað nema að fengnu leyfi hjá Minjastofnun Íslands og ef áður óþekktar fornminjar komi í ljós við framkvæmdir verði þær tafarlaust tilkynntar til Minjastofnunar eins og lög geri ráð fyrir. Sérstakt tillit verði tekið til þeirra fornleifa sem tilgreindar séu í umsögn Minjastofnunar. Faxaflóahafnir hafi haft samráð við Minjavernd Vesturlands og verði ráðist í rannsóknir á minjunum á vormánuðum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða hreinsun kísilmálms til framleiðslu á sólarkísli á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 4 d í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að áhrif starfseminnar á loftgæði og gæði yfirborðsvatns verði óveruleg. Því veldur fyrst og fremst að unnið er að því að fullhreinsa hráefni sem er mjög hreint þegar það er tekið til vinnslu og framleiðslan felur ekki í sér útblástur eða útskolun mengunarefna, heldur er unnið með lokaðan framleiðsluferil þar sem öll framleiðslan og hliðarafurðir nýtast sem söluvara. Starfsemin felur hvorki í sér útblástur af flúor né brennisteinsdíoxíði og hefur því engin áhrif á stærð þynningarsvæðis fyrir iðjuverin á Grundartanga eða aukið mengunarálag innan þess. Sú mengun sem berst frá starfseminni til andrúmslofts er ryk en miðað við framlagðar upplýsingar um magn og samsetningu þess telur Skipulagsstofnun að áhrif af völdum þess verði óveruleg.

Skipulagsstofnun telur í ljósi þess að byggingar verði talsvert umfangsmiklar eða 93.000 m² þá verði ekki hjá því komist að þær verði áberandi og munu hafa nokkur sjónræn áhrif í för með sér. Fyrir eru á svæðinu álver og járnblendiverksmiðja sem einnig eru umfangsmiklar og munu fyrirhuguð mannvirki Silicor Materials auka sjónræn áhrif bygginga á svæðinu.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu VSÓ ráðgjafar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð VSÓ ráðgjafar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að hreinsun kísilmálms til framleiðslu á sólarkísli á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð byggingaleyfi Hvalfjarðarsveitar skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, sbr. reglugerð um byggingarleyfi nr. 112/2012. Einnig starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 795/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en byggingarleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 og framkvæmdirnar þurfa jafnframt að vera í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Silicor Materials og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð

málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 3. júní 2014.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson



Skipulagsstofnun